

Mál nr. 221/2013**M
og
vátryggingafélagið X. v/ húseigandatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda sem unnar voru á íbúð.****Gögn.**

107. Málskot, móttengið 5.6.2013, ásamt fylgigögnum.

108. Bréf X, dags 24.4.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi endurriti úr gerðarbók sýslumannsins í Reykjavík var hinn 3.1.2013 (ekki 2012 eins og segir í endurritinu) tekin fyrir á skrifstofu sýslumanns beiðni M um að tiltekin aðili, leigutaki, yrði borin út úr íbúð M. Fyrirtökunni var svo fram haldið á eigninni sjálfri.

Í endurritinu kemur fram að M telji að leigjandinn hafi yfirgefið íbúðina jafnframt sem hann gruni að búið sé að skemma eignina eitthvað því nágranni sem búi í húsinu þar sem eignin er hafi hringt í hann 7. eða 8.12.2012 til að láta hann vita að mikil læti væru í eigninni eins og verið væri að eyðileggja hluti í henni. Kvaðst M strax í kjölfar símtalsins hringt í lögreglu sem ekki hafi getað sinnt erindinu.

Er fulltrúi sýslumanns kom á vettvang var eignin „öll í rúst“ eins og segir í endurritinu. Búið var að fara með sleggju eða þungan hamar og eyðileggja veggi, hurðir og gluggakistur auk alls annars í eigninni sem hægt var að skemma. Jafnframt hafði málningu verið slett á veggi og gólf. Fulltrúinn kallaði til lögreglu. Í skýrslu lögreglu má sjá ljósmyndir af verksummerkjum í íbúðinni. Í sérstakri staðfestingu fulltrúa sýslumanns, dags. 7.2.2013, kemur fram að ekki hafi þurft að kalla lásasmið á staðinn, þar sem þegar hafi verið búið að brjóta upp lásinn á eigninni.

M hefur krafist bóta vegna skemmda á íbúðinni úr húseigandatryggingu sinni hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu þar sem ósannað sé að tjónið hafi orðið af völdum innbrots. Vísar X í því sambandi til ljósmynda sem aflað var hjá sýslumannsembættinu og kveður þær sýna að læsing útihurðar hafi verið óskemmd. Einnig kveður X að vátryggingin bæti ekki skemmdarverk sem leigjandi kunni að valda á eigninni.

Álit.

Samkvæmt gr. 2.4 í skilmálum húseigandatryggingarinnar bætir vátryggingin tjón á vátryggðri eign af völdum innbrots eða innbrotstílaunar. Jafnframt segir að það sé skilyrði fyrir greiðsluskýldu félagsins að lögregluskýrslu sé skilað sem sönnun fyrir tjóni. Með fyrrgreindri staðfestingu fulltrúa sýslumannsins í Reykjavík frá 7.2.2013 þykir mega leggja til grundvallar að búið hafi verið að brjóta upp lásinn á eigninni þegar hann kom á staðinn. Ekki verður séð að í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu sé getið um ummerki á hurðinni. Þá verður heldur ekki talið að sýnt sé fram á með þeim ljósmyndum sem X hefur vísað til að staðfesting fulltrúa sýslumanns sé röng. Að þessu athuguðu verður að telja sannað að skemmdir á íbúðinni hafi verið unnar við innbrot í hana. Ekki liggur fyrir samkvæmt gögnum málsins hver hafi framið innbrotið og unnið skemmdirnar né hvenær það hafi gerst. Ennfremur verður að telja að fyrirbyggjandi lögregluskýrsla sé

nægileg sönnun fyrir tjóni eins og áskilið er skv. síðari málslíð í gr. 2.4 í skilmálum. Ályktanir X um að leigutaki hafi valdið tjóninu án þess að um innbrot hafi verið að ræða eiga sér ekki stöð í gögnum málsins. Tjón M telst því vera bótaskyld úr húseigandatryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr húseigandatryggingu hjá X.

Reykjavík, 28. júní 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.